



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 04.04 2004

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um búvöruframleiðslu
og stuðning við byggð í sveitum, 166. mál.**

Landgræðsla ríkisins hefur tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um búvöruframleiðslu og stuðning við byggð í sveitum.

Það er afar jákvætt að grundvöllur búvöruframleiðslu og stuðningur við byggð í hinum dreifðu byggðum landsins sé til umfjöllunar og umræðu á Alþingi og í þjóðfélaginu. Út frá sjónarmiðum gróður- og jarðvegsverndar er mikilvægt að skynsamlega sé staðið að opinberum stuðningi við byggðir og atvinnustarfsemi í sveitum. Dæmin sýna að framleiðslutengdur stuðningur við búvöruframleiðslu getur leitt til óæskilegrar þróunar í landnýtingu. Eins getur búseta í dreifbýli verið grundvöllur landverndar og tryggt það að haldið sé við þekkingu á landinu og eiginleikum þess.

Landgræðsla ríkisins hefur um langt árabil beitt sér fyrir margskonar stuðningi við byggðir landsins, með beinum styrkjum til landnotenda til landbóta, verktakavinnu fyrir heimamenn við landgræðsluverkefni og síðast en ekki síst á síðustu árum fært stjórnsýslu sína og verkefni í auknum mæli út í héruðin með því að stofnsetja héraðssetur í flestum landshlutum. Allt stuðlar þetta að styrkari byggð í sveitum landsins.

Víða á landinu er brýn þörf á auknum verkefnum við verndun landsins og landbætur hvers konar og eru fjölmörg tækifæri til að tengja búsetustuðning við slík verkefni. Í því sambandi er mikilvægt að stefnumótun og tillögur feli í sér að atvinnustarfsemi, hverju nafni sem hún nefnist, falli sem best að þeim landkostum sem eru til staðar.

Landgræðsla ríkisins er því hlynnt að sem víðast sé leitað eftir hugmyndum um það hvernig best megi styðja við byggð í sveitum landsins og sjálfsagt og eðlilegt að þjóðkjörnir fulltrúar taki þátt í þeirri vinnu.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins

Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri.